

Lokadrög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

Framsalsamningur

Framsalsamning þennan („**samninginn**“) hafa gert með sér:

1. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF), sem hefur skráða skrifstofu við Borgartún 26, 105 Reykjavík, Ísland, og
2. Seðlabanki Hollands (De Nederlandsche Bank N.V., DNB), sem hefur skráða skrifstofu við Westeinde 1, 1017 ZN, Amsterdam, Hollandi.

Samningsaðilar sem vísað er til í 1. og 2. lið hér að framan verða hvor um sig nefndir í samningi þessum „**samningsaðili**“ og sameiginlega „**samningsaðilar**“.

ÞAR SEM

- A) TIF er sjálfseignarstofnun og er starfræktur í samræmi við íslensk lög og er samkvæmt þeim falinn rekstur tryggingakerfis fyrir innstæðueigendur og fjárfesta með lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
- B) Seðlabanki Hollands er almenningshlutafélag (naamloze vennootschap) stofnað samkvæmt hollenskum lögum, en um tilgang hans, verksvið og starfsemi er mælt fyrir um í hollensku bankalögunum frá 1998 og er honum falin með lögum um fjármálaeftirlit og konunglegu tilskipuninni um sérstakar varfærnisráðstafanir og tryggingakerfi fjárfesta og innstæðueigenda, framkvæmd hollenska innstæðutryggingakerfisins.
- C) Í júní 2006 opnaði Landsbanki Íslands hf. útibú í Hollandi.
- D) Hinn 13. október 2008 ákvað Seðlabanki Hollands að beita hollenska innstæðutryggingakerfinu vegna innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam.
- E) Hinn 27. október 2008 gaf FME út það álit að Landsbanki Íslands hf. hefði þann 6. október 2008 verið ófær um að greiða skuldir sínar og því væri TIF í samræmi við 9. gr. laga nr. 98/1999 skuldbundinn til að greiða viðskiptavinum Landsbankans tryggingu, þ.m.t. innstæðueigendur Landsbankans í Amsterdam.
- F) Hollenska innstæðutryggingakerfið bætti aðeins kröfur innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam að því leyti sem fjárhæð og gildissvið

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

hollenska innstæðutryggingakerfisins að því er varðar innstæðueigendur Landsbankans í Amsterdam fór yfir það hámark sem TIF bar að greiða hverjum innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam ef eingöngu íslenska innstæðutryggingakerfið hefði tekið til þeirra. TIF hefur staðfest við Seðlabanka Hollands að hámarksfjárhæð á hvern innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam (eða þar sem við á handhafa að sameiginlegum reikningi) sé 20.887 evrur.

- G) Þar sem TIF hafði ekki yfir nægu handbæru fé að ráða til að greiða innstæðueigendum í Landsbankanum í Amsterdam batur strax var Seðlabanka Hollands veitt heimild, samkvæmt Konunglegri tilskipun frá 4. desember 2008, til að framkvæma það sem til þurfti til að greiða innstæðueigendum Landsbankans í Amsterdam á grundvelli krafna sem þeir höfðu lagt fram hjá Seðlabanka Hollands um endurgreiðslu og sem hefði átt að greiða þeim samkvæmt íslenska innstæðutryggingakerfinu. Gripið var til þessarar sérstöku ráðstöfunar af hálfu hollenska ríkisins í þágu (og til lagalegrar verndar) innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam. Í samræmi við framangreint hefur Seðlabanki Hollands farið með kröfur innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam um tryggingar samkvæmt hollenska innstæðutryggingakerfinu og af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins. Tryggingar sem Seðlabanki Hollands greiðir innstæðueigendum Landsbankans í Amsterdam af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins hafa verið forfjármagnaðar af hollenska ríkinu.
- H) Seðlabanki Hollands hefur fyrir aðilaskipti eða framsal tekið yfir kröfur innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam á Landsbankann vegna þeirra fjárhæða sem þeir hafa fengið greiddar út frá Seðlabanka Hollands af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins (fyrir hönd TIF) og af hálfu hollenska innstæðutryggingakerfisins.
- I) Hinn 19. október 2009 lýsti Seðlabanki Hollands forgangskröfu við slitameðferð Landsbankans. Slitastjórn hefur samþykkt kröfu Seðlabanka Hollands sem forgangskröfu og enginn ágreiningur er á milli Seðlabanka Hollands og slitastjórnar um fjárhæð höfuðstóls.
- J) Tiltæknir kröfuhafar Landsbankans hafa mótmælt þeirri ákvörðun slitastjórnar að samþykkja kröfu Seðlabanka Hollands sem forgangskröfu, bæði að því er varðar höfuðstól, vexti og kostnað. Slitastjórn hefur vísað deilunni til úrlausnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem málið (mál nr. X-37/2010) er nú til meðferðar.
- K) Þann dag sem samningur þessi er dagsettur, eða um það leyti, hafa TIF,

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvirvara um samþykki stjórnar

Ísland [íslensk stjórnvöld] og hollenska ríkið gert með sér endurgreiðslu- og skaðleysissamning en samkvæmt honum, á grundvelli (a) staðfestingar Seðlabanka Hollands á samningi þessum, (b) greiðslu Seðlabanka Hollands á bótum til innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam vegna krafna þeirra á hendur Landsbankanum og TIF samkvæmt íslenska innstæðutryggingakerfinu, og (c) forfjármögnunar Hollands á bótagreiðslum Seðlabanka Hollands, skuldbindur TIF sig til að endurgreiða Hollandi forfjármögnunina.

- L) Seðlabanki Hollands samþykkir hér með að framselja kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið (þ.m.t. kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi) og kostnaðarkröfuna (þ.m.t. kostnaðarkrafan sem lýst er á Íslandi) til TIF til að gera TIF kleift að endurkrefja Landsbankann um greiðslur sem Seðlabanki Hollands hefur greitt út af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins fyrir hönd TIF.

HEFUR SAMIST SVO UM EFTIRFARANDI

1. Túlkun

- 1.1 Hugtök sem notuð eru í þessum samningi [og auðkennd með hástaf í frumtextanum] og framangreindum forsendum skulu hafa þá merkingu sem gefin er í Fylgiskjali 1 við samning þennan. Eintala orða skal einnig teljast taka til fleirtölu og *vice versa*. Að auki, nema annað leiði af samhenginu, skulu hugtök sem skilgreind eru í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum, að því leyti sem þau eru ekki skilgreind í Fylgiskjali 1 við samning þennan, hafa sömu merkingu þar sem þau koma fyrir í samningi þessum.

2. Framsal

- 2.1 Seðlabanki Hollands framselur TIF hér með frá gildistökuþegi:

- i) öll réttindi, bein og óbein, vegna:
(a) hvernar kröfu á íslenska innstæðutryggingakerfið sem á gildistökuþegi hefur verið framseld eða á annan hátt yfirfærð til Seðlabanka Hollands af hálfu innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam eða færð þangað í krafti laga eða á hvern annan hátt, sbr. skráningu á lista sem vísað er til í 8. mgr. 2. gr. og/eða á hvern annan hátt sem kröfur þessar eru settar fram, og þær er hægt að tilgreina og eiga sér stoð í gögnum Seðlabanka Hollands eða öðrum gögnum sem heimilt er að styðjast við í þeim tilgangi

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

- að ákveða hvaða kröfur eru framseldar samkvæmt samningi þessum, og
- (b) kostnaðarkröfunnar, og
- ii) öll réttindi, bein og óbein, vegna:
- (a) krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið lýst á Íslandi sem tengjast hverri slíkri kröfu á íslenska innstæðutryggingakerfið, og
- (b) kostnaðarkröfu lýst á Íslandi sem tengist kostnaðarkröfunni, og:
- iii) öll réttindi og tilkall sem leiðir af eða tengist (i) og (ii) að framan að meðtöldum uppsöfnuðum vöxtum vegna krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið (og/eða krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið lýst er á Íslandi) og kostnaðarkrafna þó að því tilskildu að:
- a) engin krafa á hendur Landsbankanum vegna kostnaðar sem Seðlabanki Hollands hefur orðið fyrir við það að fara með kröfur innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam um bætur samkvæmt gildandi innstæðutryggingakerfi sé framseld TIF, og
- b) TIF öðlist hvorki veðréttindi eða rétt til skuldajöfnunar né sé honum heimilt að nýta veðréttindi eða rétt til skuldajöfnunar sem Seðlabanki Hollands kann að hafa öðlast gagnvart Landsbankanum og TIF og hann skuli ekki eiga tilkall til andvirðis eða fjárhagslegs ávinnings af slíkum veðréttindum eða skuldajöfnunarrétti.
- 2.2 TIF fellst hér með á framsalið og mun Seðlabanki Hollands tilkynna Landsbankanum um það í samræmi við 6. mgr. 2. gr. Seðlabanki Hollands afhendir TIF staðfestingu á að slík tilkynning hafi verið send Landsbanka Íslands hf.
- 2.3 Samningsaðilar eru sammála um að leiði framsal eða yfirfærsla Seðlabanka Hollands á kröfum á íslenska innstæðutryggingakerfið lýstum á Íslandi og/eða kostnaðarkröfu sem lýst er á Íslandi á TIF til þess að TIF berist greiðsla eða úthlutun er varðar þann hluta krafanna sem ekki teljast kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið eða kostnaðarkröfur þá muni hann þegar honum verður kunnugt um móttöku slíkrar endurheimtu millifæra viðkomandi fjárhæð án tafar til Seðlabanka Hollands.
- 2.4 Ef framsal krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið sem samningur þessi tekur til um reynist ógilt að hluta eða öllu leyti, eða Seðlabanki Hollands fær af öðrum ástæðum úthlutað frá Landsbankanum og/eða

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um samþykki stjórnar

slitastjórn upp í kröfu á íslenska innstæðutryggingakerfið sem Seðlabanki Hollands hefur með samningi þessum samþykkt að framselja TIF, skal Seðlabanki Hollands þegar honum verður kunnugt um móttöku slíkrar endurheimtu millifæra án tafar viðkomandi fjárhæðir til hollenska ríkisins, af hálfu þess og breska fjármálaráðuneytisins, til úthlutunar (að loknum nauðsynlegum umreikningi af hálfu hollenska ríkisins eða fyrir hönd þess) í samræmi við a-lið 5. mgr. 3. gr. endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins. Þær greiðslur sem Seðlabanki Hollands innir af hendi í samræmi við þessa 4. mgr. 2. gr. skulu teljast greiðslur fyrir hönd TIF og inntar af hendi í sama gjaldmiðli og í sömu fjárhæð sem um ræðir og Seðlabanki Hollands tók við, með reiðufé, án frádráttar, skuldajöfnunar eða gagnkröfu. Slíkar greiðslur skulu vera án frádráttar eða ábyrgðar vegna skatta, með þeim fyrirvara að beri Seðlabanka Hollands samkvæmt gildandi lögum að draga skatta frá slíkum greiðslum, þá hækki fjárhæðin sem greiða ber eftir því sem þörf er á svo hollenska ríkið fái að frádrætti loknum fjárhæð sem samsvarar þeirri fjárhæð sem það hefði fengið hefði ekkert verið dregið frá. Ef fjárhæð sem Seðlabanka Hollands ber að greiða fellur í gjalddaga samkvæmt 4. mgr. 2. gr. en er áfram ógreidd, andstætt skilmálum samnings þessa, ber Seðlabanka Hollands að greiða TIF vexti sem nema dráttarvöxtum á fjárhæðina. Allir slíkir vextir skulu á hverjum greiðsludegi bætast við höfuðstól þeirrar fjárhæðar sem þeir eru reiknaðir af.

- 2.5 Samanlagður reiknaður höfuðstóll allra krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið sem Seðlabanki Hollands framselur TIF samkvæmt samningi þessum nemur 1.322.242.850 evrum. Kostnaðarkrafan nemur 7 milljónum evra.
- 2.6 Innan fimm virkra daga frá gildistökuþegi skal Seðlabanki Hollands afhenda Landabanka Íslands hf. tilkynningu um framsal (b.t. skilanefndar og slitastjórnar) sem skal að meginefni vera eins og tilgreint er í Fylgiskjali 2 við samning þennan, (*eyðublað fyrir tilkynningu um framsal*).
- 2.7 Eigi síðar en á gildistökuþegi eða eins fljótt og auðið er eftir þann dag skulu samningsaðilar undirrita beiðni um kröfufamsal í samræmi við mát sem slitastjórnin lætur í té vegna krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið sem hefur verið lýst á Íslandi og kostnaðarkröfunnar sem hefur verið lýst á Íslandi og sem hér með eru framseldar og yfirfærðar. Á gildistökuþegi eða fyrir þann dag skal TIF láta Seðlabanka Hollands í té drög að beiðni um kröfufamsal sem sjóðurinn telur að uppfylli kröfur slitastjórnarinnar þar að lútandi. Samningsaðilar samþykkja að undirrita og framvísa slíkri beiðni um

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

kröfuframsals til slitastjórnarinnar á gildistökuveginum eða eins fljótt og auðið er eftir þann dag. Framvísunin skal vera í samræmi við leiðbeiningar á vefsíðu slitastjórnarinnar: <http://lbi.is/winding-upboard-claimsprocess/faqwinding-upboard/>. Samningsaðilar samþykkja að leiði undirritun kröfuframsalsbeiðninnar til slitastjórnarinnar til þess að TIF taki á móti greiðslu eða úthlutun sem rekja má til þess hluta krafanna sem ekki fellur undir kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið eða kostnaðarkröfur, þá muni TIF leggja viðkomandi fjárhæð inn á sérstakan vörslureikning Seðlabanka Hollands og greiða hana án tafar til Seðlabanka Hollands.

- 2.8 Að uppfylltu skilyrði lokamálsliðar 10.mgr. 2. gr. hér á eftir skal Seðlabanki Hollands:
- i) innan fimm virkra daga frá gildistökuvegi láta í té lista með nöfnum, reikningsnúmerum og stöðu á reikningum þeirra innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam sem eiga kröfur er varða einhverjar af þeim kröfum á íslenska innstæðutryggingakerfið sem hafa verið framseldar TIF samkvæmt 1. mgr. 2. gr. að framan, og
 - ii) láta TIF í té á hverjum tíma aðrar þær upplýsingar sem Seðlabanki Hollands getur nálgast og TIF getur með sanngirni farið fram á í tengslum við kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið og kostnaðarkröfuna sem hafa verið framseldar Tryggingarsjóðnum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. hér að framan.
- 2.9 Listinn sem vísað er til að framan skal aðeins nýttur til að tilgreina kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem framsalið tekur til og villur í texta eða tölulegar villur skulu ekki valda því að framsalið teljist ógilt eða ógildanlegt. Seðlabanki Hollands skal bregðast tafarlaust við beiðni TIF um leiðréttingar á augljósum villum í listanum.
- 2.10 TIF staðfestir hér með að hann hafi þegar, sem stjórnandi íslenska innstæðutryggingakerfisins, heildarlista yfir nöfn, reikningsnúmer og stöðu reikninga innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam. TIF staðfestir enn fremur að hvers konar úrvinnsla af hans hálfu á upplýsingum sem hann fær samkvæmt i. lið 8. mgr. 2.gr. og ii. lið 8. mgr. 2. gr. að framan verði framkvæmd í samræmi við gildandi íslensk lög um verndun upplýsinga og önnur lög. Afhending upplýsinga samkvæmt i. lið 8. mgr. 2. mgr. og ii. lið 8. mgr. 2. gr. að framan fer fram í trausti þessara staðfestinga. Seðlabanki Hollands er ekki skylt að láta TIF í té aðrar

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um samþykki stjórnar

upplýsingar en þær sem vísað er til í lið i. í 8. mgr. 2. gr. að framan brjóti afhending þeirra eða hættu er á að afhending þeirra brjóti gegn gildandi lögum eða reglugerðum um Seðlabanka Hollands (þ.m.t. lög eða reglugerðir sem fjalla um verndun upplýsinga).

- 2.11 Greiðslur frá TIF samkvæmt samningi þessum, þ.m.t. 3. mgr. 2. gr. og/eða 7. mgr. 2. gr., skulu vera í sömu mynt og TIF barst og í reiðufé án þess að nokkuð sé dregið af, skuldajafnað eða að gagnkrafa verði gerð, og lagðar á reikning í Hollandi, sem Seðlabanki Hollands tilkynnir TIF um, með að minnsta kosti fimm virkra daga fyrirvara. Slíkar greiðslur skulu vera án frádráttar eða ábyrgðar vegna skatta, þó að teknu tilliti til þess að hvíli sú skylda á TIF samkvæmt gildandi lögum að draga skatta frá slíkum greiðslum, þá hækki fjárhæðin sem greiða ber eftir því sem þörf er á svo Seðlabanki Hollands fái að frádrætti loknum fjárhæð sem samsvarar þeirri fjárhæð sem hann hefði fengið hefði ekkert verið dregið frá. Ef fjárhæð sem TIF ber að greiða fellur í gjalddaga samkvæmt ákvæði 3. mgr. 2. gr. og/eða 7. mgr. 2. gr. en er áfram ógreidd, andstætt skilmálum sammings þessa, ber Tryggingarsjóði að greiða Seðlabanka Hollands bætur sem nema dráttarvöxtum á fjárhæðina. Allir slíkir vextir skulu á hverjum greiðsludegi bætast við höfuðstól þeirrar fjárhæðar sem þeir eru reiknaðir af

3. Viðbótarrettindi

- 3.1 Samningsaðilar eru sammála um að hver krafa á íslenska innstæðutryggingakerfið taki til:
- a. höfuðstóls slíkrar kröfu, sem getur ekki orðið hærri en 20.887 evrur á hvern innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam (eða, ef við á, handhafa að sameiginlegum reikningi), og
 - b. allra krafna um vexti og/eða aðrar fjárhæðir sem fallið hafa eða kunna að falla á höfuðstólinn eða á annan hátt leggjast á hann í krafti laga að því marki sem viðkomandi innstæðueigandi Landsbankans í Amsterdam hefur framselt þær Seðlabanka Hollands.
- 3.2 TIF staðfestir hér með að kröfum á íslenska innstæðutryggingakerfið fylgi ekki réttur Seðlabanka Hollands til að lýsa kröfu við slitameðferð Landsbankans vegna kostnaðar (sem er ekki hluti af kostnaðarkröfunni) og útgjalda sem Seðlabanki Hollands hefur orðið fyrir við að framfylgja kröfu sinni vegna krafna (þ.m.t. krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið) við slitameðferð Landsbankans

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

4. Frekari staðfestingar

- 4.1 Hvor samningsaðili um sig skal, á eigin kostnað, sjá um að gera eða láta gera allar þær aðgerðir og annað það sem með sanngirni má ætlast til að sé gert og annast gerð allra þeirra skjala, eða sjá um að þau séu gerð sem raunhæft er að fara fram á svo samningur þessi öðlist fullt gildi.
- 4.2 Án þess að það hafi áhrif á efni 1. mgr. 4. gr. og án þess að það skerði 3. mgr. 2. gr. og 8. mgr. 2. gr. mun Seðlabanki Hollands, verða við sanngjörnum beiðnum TIF um að annast gerð (svo fljótt sem framkvæmanlegt er) nauðsynlegra skjala sem TIF kann að þarfnast til að staðfesta eða sannreyna upprunalegan rétt Seðlabanka Hollands að því er varðar kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið og kostnaðarkröfuna, til að tryggja kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið, kostnaðarkröfuna, kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi og kostnaðarkröfurnar sem lýst er á Íslandi, til að umbreyta réttindum sem byggja á sanngirnirétti þannig að þau falli undir sett lög (sé það lagalega mögulegt), til að staðfesta eða fullnusta réttindi TIF varðandi kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið, kostnaðarkröfuna, kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi og kostnaðarkröfurnar sem lýst er á Íslandi og til þess að TIF geti neytt réttar síns til að gera kröfu við slitameðferð Landsbankans í kröfu á íslenska innstæðutryggingakerfið, kostnaðarkröfuna, kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi og kostnaðarkröfurnar sem lýst er á Íslandi.
- 4.3 Án þess að það hafi áhrif á efni 1. mgr. 4. gr. mun TIF, verða við sanngjörnum beiðnum Seðlabanka Hollands, um að annast gerð (svo fljótt sem framkvæmanlegt er) nauðsynlegra skjala sem Seðlabanki Hollands kann að þarfnast til að staðfesta eða sannreyna réttindi Seðlabanka Hollands að því er varðar kröfur á hollenska innstæðutryggingakerfið, til að tryggja að kröfur á hollenska innstæðutryggingakerfið verði áfram hjá (eða færðar til) Seðlabanka Hollands, til að styrkja réttindi sem byggja á sanngirnirétti þannig að þau falli undir sett lög (sé það lagalega mögulegt), til að staðfesta eða fullnusta réttindi Seðlabanka Hollands til krafna á hollenska innstæðutryggingakerfið og hvernar annarrar kröfu Seðlabanka Hollands, þ.m.t. án þess að það sé bundið við kröfu vegna kostnaðar og til að neyta réttar síns til að lýsa kröfum í slitameðferð Landsbankans að því er varðar kröfur á hollenska innstæðutryggingakerfið eða aðra kröfu.
- 4.4 Til að taka af vafa merkir framangreint ekki að samningsaðilar ábyrgist að það framsal sem fram fer samkvæmt samningi þessum taki gildi né að

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

það sé viðurkennt eða verði viðurkennt af slitastjórninni.

- 4.5 Án þess að það skerði jafnstöðusamninginn skulu samningsaðilar forðast allar þær aðgerðir, þ.m.t. en ekki bundið við, dómsmál, gerðardómsmeðferð og úrskurði þriðja aðila, sem ástæða er til að ætla að gæti staðið í vegi fyrir réttindum TIF að því er varðar kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið eða kostnaðarkröfuna sem eru framseldar samkvæmt samningi þessum og/eða rétti eða réttindum Seðlabanka Hollands að því er varðar þann hluta krafanna sem Seðlabanki Hollands heldur eftir (vegna þess að slík krafa er samlagt hærri en 20.887 evrur) og allar aðrar kröfur Seðlabanka Hollands, þ.m.t. en þó ekki bundið við, kröfu vegna kostnaðar. Samningsaðilar skulu hvorki fara fram á dómstólameðferð né bera fyrir sig dóma eða úrskurði er varða slíkar kröfur ef slíkur dómur eða úrskurður fer ekki saman við rétt TIF og/eða rétt Seðlabanka Hollands sem vísað er til í undanfarandi málslið. TIF skal eigi síðar en á gildistökudegi falla frá öllum andmælum gegn ákvörðun slitastjórnar um kröfuna sem Seðlabanki Hollands lýsti og vísað er til í J-lið forsendna samnings þessa.

5. Eftirgjöf og skaðleysi

- 5.1 Samningsaðilar samþykkja hér með að eftir gildistökudag muni: (A) Seðlabanki Hollands ekki eiga (og að því marki sem nauðsynlegt er fellur hann óafturkallanlega frá slíkum kröfum) neina kröfu á hendur TIF eða Íslandi varðandi greiðslu Seðlabanka Hollands á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins aðrar en þær sem tilgreindar eru í samningi þessum, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum og jafnstöðusamningnum eða sem heimilaðar eru samkvæmt skilmálum einhvers þessara samninga; og (B) TIF ekki eiga (og að því marki sem nauðsynlegt er fellur hann óafturkræft frá slíkum kröfum) neina kröfu á hendur Seðlabanka Hollands varðandi þær kröfur sem tilgreindar eru í (A), þ.m.t. en ekki bundið við kröfur sem Seðlabanki Hollands hefur lýst gagnvart slitastjórninni og/eða ágreininginn sem vísað er til í J-lið framangreindra forsendna, aðrar en þær sem tilgreindar eru í samningi þessum eða jafnstöðusamningnum eða sem heimilaðar eru samkvæmt ákvæðum annars hvors samningsins.
- 5.2 TIF skal innan fimm virkra daga frá gildistökudegi greiða Seðlabanka Hollands 333.000 evrur upp í kostnað sem Seðlabanki Hollands hefur stofnað til í tengslum við aðgerðir bankans i) til að ganga úr skugga um réttmæti þeirra krafna sem vísað er til í A-lið 1. mgr. 5. gr. hér að framan gagnvart slitastjórninni og ii) ágreiningsmálsins sem rekið er fyrir

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um samþykki stjórnar

Héraðsdómi Reykjavíkur og vísað er til í B-lið 1. mgr. 5. gr. hér að framan.

6. Kostnaður og útgjöld

6.1 TIF skal bera allan kostnað sem greiða þarf slitastjórninni eða opinberum stjórnvöldum, hverju nafni sem þau nefnast, á Íslandi vegna framsals krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi og tengjast hverri kröfu á íslenska innstæðutryggingakerfið og kostnaðarkröfunni sem lýst er á Íslandi og tengist kostnaðarkröfunni.

6.2 Án þess að hafa áhrif á önnur ákvæði samnings þessa eða skilmála endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins skal hvor samningsaðili um sig bera eigin kostnað og útgjöld í tengslum við undirbúning viðræðna og gerðar samnings þessa og allra tengdra skjala.

7. Skilmálar sem felldir eru inn með tilvísun

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. (Eftirgjöf réttinda), 4. mgr. 9. gr. (Breytingar o.s.frv.), 7. mgr. 9. gr. (Samhljóða eintök) og 10. mgr. 9. gr. (Fallið frá friðhelgisréttindum) í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum eru felld inn í samning þennan eins og þau séu tilgreind í heild í samningi þessum og skulu tilvísanir í viðkomandi málsgreinum til „samnings þessa“ lesast sem tilvísanir í samning þennan, nema þegar annað leiðir af samhenginu, og tilvísanir í viðkomandi málsgreinum til „samningsaðila“ lesast sem tilvísanir í samningsaðila samnings þessa, nema þegar annað leiðir af samhenginu.

8. Gildandi lög og lögsaga

8.1 Með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. hér á eftir skulu samningur þessi, þ.m.t. þau ákvæði endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins sem eru felld inn í samning þennan samkvæmt 7. gr. í samningi þessum, og öll mál, krafa eða ágreiningsefni sem rísa vegna eða í tengslum við samning þennan, hvort sem þau eru innan eða utan samninga, lúta að og túlkast samkvæmt hollenskum lögum.

8.2 Að því marki sem 1. mgr. 2. gr. í samningi þessum leiðir til framsals og yfirfærslu á kröfum á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi og/eða kostnaðarkröfu sem lýst er á Íslandi skal slíkt framsal og yfirfærsla lúta íslenskum lögum.

8.3 Framsöl og yfirfærslur sem gerð eru með samningi þessum fara fram í

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um samþykki stjórnar

skilningi og í samræmi við, 115. gr. íslensku laganna um gjaldþrotaskipti og fl. nr. 21/1991.

- 8.4 Sérhvert ágreiningsefni sem kemur upp milli TIF og Seðlabanka Hollands vegna eða í tengslum við samning þennan, hvort sem innan eða utan samnings, þ.m.t. ágreiningsefni varðandi tilvist, lögmæti eða riftun samnings þessa, skal einungis lúta lögsögu hollenskra dómstóla.

9. Tilkynningar

- 9.1 Öll samskipti, sem eiga að fara fram samkvæmt eða í tengslum við samning þennan, að undanskildum samskiptum sem um getur í 6. mgr. 2. gr. að framan, skulu fara fram skriflega og á ensku og, nema annað sé tekið fram, vera í formi bréfs eða símbréfs (þau má afrita og senda með tölvupósti en slíkt telst þó ekki gild afhending). Samskiptin sem vísað er til í 8. mgr. 2. gr. mega fara fram með tölvupósti.

- 9.2 Heimilisfang og bréfasímanúmer hvors samningsaðila (og deildin eða embættismaðurinn, ef um það er að ræða, sem orðsendingunni skal beint til) vegna allra samskipta sem eiga að fara fram samkvæmt eða í tengslum við samning þennan skal vera:

- i) Ef um er að ræða Seðlabanka Hollands:
De Nederlandsche Bank N.V., Westeinde 1, P.O. Box 98, 1000
AB Amsterdam, The Netherlands;
Bréfasímanr. +31 20 524 2517;
b.t.: Jan Reinder de Carpentier og Sander Timmerman, Division
legal affairs;
Tölvupóstfang: j.r.de.carpentier@dnb.nl; og
s.timmerman@dnb.nl;

og skal afrit sendast til:

Dutch Ministry of Finance, at Ministerie van Financiën, Korte
Voorhout 7, 2511 CW The Hague, The Netherlands, P.O. Box
20201, 2500 EE The Hague, The Netherlands;
Bréfasímanr. +31 70 342 79 03;
Viðtakandi: Treasurer-General (Thesaurier-generaal);
Tölvupóstfang: j.c.barnard@minfin.nl

eða

- ii. Ef um er að ræða TIF:
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, Borgartún 26, 3.

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um sambykki stjórnar

hæð, 105 Reykjavík, Ísland;
Bréfsímanr. +354 590 2606;
b.t.: Framkvæmdastjóri
Tölvupóstfang: [●]

og skal afrit sent til:
Íslenska ríkisins, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli við Lindargötu,
150 Reykjavík, bréfasími:
Bréfsímanr. +3545628280,
Viðtakandi: ráðuneytisstjóri;
Tölvupóstfang [●]

eða, í hverju tilviki fyrir sig, sérhvert það annað heimilisfang eða
bréfasímanúmer (eða deild eða embættismaður) sem einhverjum hinna
fyrirnefndu er heimilt að tilkynna um til hinna með minnst fimm virkra
daga fyrirvara.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa samningsaðilar undirritað samning þennan á
þeim dögum sem að neðan greinir.

Framsalsamningur Seðlabanka Hollands og
Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um sambykki stjórnar

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Af:

Dagsetning:

Nafn:

Titill:

Dagsetning:

Nafn:

Titill:

De Nederlandsche Bank N.V.

Af:

Dagsetning:

Nafn:

Titill:

Dagsetning:

Nafn:

Titill:

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

FYLGISKJAL 1

Skilgreiningar

Gildandi lög	hvers kyns viðeigandi sett lög og réttur, reglugerðir, tilskipanir, reglur, dómar, fordæmisréttur, fyrirmæli, úrskurðir, samþykki, heimildir, sérleyfi, umboð, leyfi, samningar, tilskipanir, leiðbeiningar, stefnumarkanir, skilyrði eða aðrar takmarkanir stjórnvalda eða sambærilegar ákvarðanir eða úrskurðir af hálfu stjórnvalds (eða hvers kyns túlkun eða framkvæmd þeirra), hvort heldur sem slík lög eru í gildi á dagsetningu samnings þessa eða taka gildi síðar
Dráttarvextir (Arrears Rate)	að því er varðar hvaða fjárhæð sem er, hvaða dag sem er, skal miðað við lögboðna vexti í Hollandi (<i>wettelijke handelsrente</i>) eins og getið er í grein 6:119a í hollenskum lögum um einkamálarétt
Virkur dagur	hver sá dagur (annar en laugardagur eða sunnudagur) þegar viðskiptabönkum er ekki heimilt eða skylt að loka í Reykjavík (á Íslandi) eða í Amsterdam (í Hollandi)
Krafa	krafa innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam á Landsbankann sem Seðlabanki Hollands hefur tekið yfir þar sem, eða í tengslum við að, Seðlabanki Hollands greiddi innstæðueigandanum samkvæmt og/eða af hálfu hollenska innstæðutryggingakerfisins og/eða íslenska innstæðutryggingakerfisins Sérhver krafa getur hvort heldur sem er verið krafa á íslenska innstæðutryggingakerfið eða krafa á hollenska innstæðutryggingakerfið eða hvort tveggja
Kostnaðarkrafa	krafa á hendur Landsbankanum vegna kostnaðar sem Seðlabanki Hollands hefur orðið fyrir við það að annast kröfur innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam vegna trygginga samkvæmt gildandi innstæðutryggingakerfi, allt að [7 milljónum evra]
Hollenska innstæðutryggingakerfið	hollenska innstæðutryggingakerfið sem stofnað er samkvæmt tilskipun hollenska ríkisins um sérstakar varfærnisráðstafanir, bótakerfi fyrir

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

	fjárfesta og tryggingakerfi innstæðueigenda (<i>Besluit bijzondere prudentiële maatregelen, beleggerscompensatie en depositogarantie Wft</i>)
Kröfur á hollenska innstæðutryggingakerfið	sérhver krafa að því leyti sem Seðlabanki Hollands hefur tekið hana yfir frá viðkomandi innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam að undanskildum þeim sem Seðlabanki Hollands hefur eignast vegna greiðslu af hans hálfu til innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins
Seðlabanki Hollands	Seðlabanki Hollands er almenningshlutafélag stofnað samkvæmt hollenskum lögum.
Gildistökudagur	sá dagur þegar endurgreiðslu- og skaðleysissamningurinn tekur gildi í samræmi við 1. mgr. 6. gr. hans (<i>gildistökuskilyrði</i>)
FME	Fjármálaeftirlitið á Íslandi
Stjórnvald	hver sú þjóð eða ríkisstjórn, ríki eða sveitarfélag, hvers kyns fjölþjóðastofnun eða sambærileg stofnun eða hvers kyns önnur stjórnardeild, stjórnarstofnun eða pólitísk undirdeild slíkra stofnana og hver sá aðili annar sem fer með framkvæmdavald, löggjafarvald, dómvald, peningavald, eftirlitshlutverk eða stjórnsýsluhlutverk á vegum stjórnvalda
Kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið lýst á Íslandi	krafa 2 með tilvísunarnúmeri 200910-0981 lögð fram af Seðlabanka Hollands 19. október 2009 hjá slitastjórn að því er varðar (og að því leyti sem hún tengist) kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið
Kostnaðarkrafa lýst á Íslandi	krafa 2 með tilvísunarnúmeri 200910-0981 lögð fram af Seðlabanka Hollands 19. október 2009 hjá slitastjórn að því er varðar (og að því leyti sem hún tengist) kostnaðarkröfuna
Íslenska innstæðutryggingakerfið	íslenska innstæðutryggingakerfinu var komið á fót með lögum nr. 98/1999, hámarkstryggingarfjárhæð fyrir innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam er ákvörðuð 20.877 evrur
Kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið	sérhver krafa að því leyti sem hún hefur verið tekin yfir af Seðlabanka Hollands frá viðkomandi innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam þar sem, eða í tengslum við að, Seðlabanki Hollands hefur greitt innstæðueiganda Landsbankans í

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

	Amsterdam af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins
Landsbanki	Landsbanki Íslands hf. og/eða Landsbanki Íslands hf., útibúið í Amsterdam eftir því í hvaða samhengi orðið er notað
Innstæðueigendur Landsbankans í Amsterdam	einstaklingar eða lögaðilar sem lögðu inn fjármuni eða á annan hátt áttu inneign hjá útibúi Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam
Landsbanki Íslands hf.	Landsbanki Íslands hf., fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð sem stofnað er samkvæmt íslenskum lögum
Útibú Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam	útibú Landsbanka Íslands hf. í Hollandi
Jafnstöðusamningur	Jafnstöðusamningur gerður á milli TIF og Seðlabanka Hollands sem er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins
Greiðsludagur	1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. september ár hvert
Endurgreiðslu- og skaðleysissamningur	Endurgreiðslu- og skaðleysissamningurinn sem hollenska ríkið, Ísland og TIF gerðu með sér sama dag, eða um svipað leyti, og þessi samningur er gerður
Skattar	allir núgildandi og síðari tekjuskattar, stimpilgjöld, skráningargjöld og aðrir skattar, álagningar og álögur, staðgreiðsluskattar og gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, og allir vextir, dráttarvextir og annað sem við kann að bætast eða á að leggjast vegna vangreiðslu þeirra, hvort sem slíkir skattar eru nú eða síðar reiknaðir, lagðir á eða innheimtir af hvaða stjórnvaldi sem er í tengslum við samning þennan, greiðslur samkvæmt samningi þessum eða vegna þinglýsingar, lögbókunar eða annarrar opinberrar skráningar þeirra
Tryggingarsjóður innstæðueigenda	Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta er sjálfseignarstofnun sem er starfrækt í samræmi við íslensk lög og er samkvæmt þeim falið að reka innstæðutryggingakerfi í samræmi við ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta
Slitastjórn	Slitastjórn Landsbanka Íslands hf.

Framsalsamningur Seðlabanka Hollands og
Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

FYLGISKJAL 2

Eyðublað fyrir tilkynningu um framsal (Form of Notice of Assignment)

Comment [A1]: Er hér hugsanlega frekar átt við "lagalegt form tilkynningar um framsal"?

TILKYNNING UM FRAMSAL

Til: Landsbanka Íslands hf.
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Ísland

b.t.: Skilanefndar

Afrit: **Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta**
Borgartún 26
105 Reykjavík
Ísland

b.t.: Framkvæmdastjóra

Afrit: Landsbanki Íslands hf.
Austurstræti 16
101 Reykjavík
Ísland

b.t.: Slitastjórnar

Slitastjórn Landsbanka Íslands hf.

c/o Epiq Systems Limited
11 Old Jewry, 4th Floor
London, EC2R ADU

b.t.: Landsbanki Claim Transfer Agent

Frá: **De Nederlandsche Bank N.V.**
Westeinde 1
1017 ZN Amsterdam
the Netherlands

[Ávarp]

Eins og yður mun vera kunnugt, hefur Seðlabanki Hollands gert TIF kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum Landsbankans í Amsterdam sem falla undir íslenska innstæðutryggingakerfið með því að greiða

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

þeim fyrir hönd TIF.

Hér með er yður tilkynnt að samkvæmt framsalsamningi („**framsalsamningurinn**“) dags. [] 2010 milli Seðlabanka Hollands og TIF (sbr. hjálagt afrit) gildir eftirfarandi:

- A) frá og með [] 2010 framselur og yfirfærir Seðlabanki Hollands til TIF öll réttindi, bein og óbein vegna krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið (og kröfum á íslenska innstæðutryggingakerfið lýst á Íslandi) sem, miðað við gildistökudag, höfðu áður verið framseldar til Seðlabanka Hollands af innstæðueigendum Landsbankans í Amsterdam eða voru fengnar Seðlabanka Hollands í krafti laga eða á annan hátt. Til að taka af allan vafa, er vakin athygli á að hver krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið getur ekki orðið hærri en 20.887 evrur fyrir hvern innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam (eða ef við á, handhafa að sameiginlegum reikningi). Heildarupphæð reiknaðs höfuðstóls krafna á íslenska innstæðutryggingakerfið sem framseldar eru TIF er 1.322.242.850 evrur. Það sem eftir stendur af kröfum mun verða eftir hjá Seðlabanka Hollands. Að því er varðar kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem gilda frá [] 2010 þá hefur kostnaðarkrafan (og kostnaðarkröfurnar sem lýst hefur verið á Íslandi) að fjárhæð 7 milljón evrur verið framseld til TIF.
- B) Upplýsingar um nöfn, reikningsnúmer og stöðu á reikningum viðkomandi innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam eru gefnar upp í listanum sem vísað er til í 8. mgr. 2. gr. í framsalsamningnum og fenginn er frá TIF og fylgja samningi þessum og/eða finna má og eða fá staðfestingu fyrir í gögnum Seðlabanka Hollands eða öðrum gögnum sem heimilt er að nota til að ganga úr skugga um hvaða kröfur eru framseldar samkvæmt framsalsamningnum, og

framsöl þau sem komið er til leiðar með samningi þessum fara fram í skilningi og í samræmi við 115. gr. íslensku laganna um gjaldþrotaskipti og fl. nr. 21/1991.

Af ofangreindu framsali leiðir að framvegis skuluð þér eingöngu eiga samskipti við TIF að því er varðar kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið (og kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi) og kostnaðarkröfuna (og kostnaðarkröfur sem lýst er á Íslandi) og þér getið eingöngu leyst yður undan skuldbindingum að því er kröfur þessar varða með greiðslum til TIF.

Það staðfestist hér með Seðlabanki Hollands verður áfram eigandi að kröfunum að því leyti sem þær eru ekki kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið (og kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið sem lýst er á Íslandi) og að yður er rétt

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fyrirvara um samþykki stjórnar

að halda áfram að eiga samskipti við Seðlabanka Hollands að því er varðar þann hluta krafna, þ.m.t., meðal annars, alla vexti sem kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið kunna að hafa borið og að þér getið eingöngu leyst yður undan skuldbindingunum, hvað þá varðar, með greiðslu til Seðlabanka Hollands.

Hugtök sem notuð eru í þessari tilkynningu skulu hafa þá merkingu sem gefin er í Viðauka A við tilkynningu þessa.

Virðingarfyllst,

Undirritað fyrir og fyrir hönd
De Nederlandsche Bank N.V.

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

VIÐAUKI A

við tilkynningu um framsal

Skilgreiningar

Krafa	krafa innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam á Landsbankann sem Seðlabanki Hollands hefur tekið yfir þar sem, eða í tengslum við að, Seðlabanki Hollands greiddi innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam samkvæmt og/eða af hálfu hollenska innstæðutryggingakerfisins og/eða íslenska innstæðutryggingakerfisins. Sérhver krafa getur hvort heldur sem er verið krafa á íslenska innstæðutryggingakerfið eða krafa á hollenska innstæðutryggingakerfið eða hvort tveggja
Kostnaðarkrafa	krafa á hendur Landsbankanum vegna kostnaðar sem Seðlabanki Hollands hefur orðið fyrir við það að annast kröfur innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam vegna trygginga samkvæmt gildandi innstæðutryggingakerfi, allt að [7 milljónum evra]
Hollenska innstæðutryggingakerfið	hollenska innstæðutryggingakerfið sem stofnað er samkvæmt tilskipun hollenska ríkisins um sérstakar varfærnisráðstafanir, bótakerfi fyrir fjárfesta og tryggingakerfi innstæðueigenda (<i>Besluit bijzondere prudentiële maatregelen, beleggerscompensatie en depositogarantie Wfi</i>)
Kröfur á hollenska innstæðutryggingakerfið	sérhver krafa að því leyti sem Seðlabanki Hollands hefur tekið hana yfir frá viðkomandi innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam að undanskildum þeim sem Seðlabanki Hollands hefur eignast vegna greiðslu af hans hálfu til innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins
Seðlabanki Hollands	Seðlabanki Hollands er almenningshlutafélag stofnað samkvæmt hollenskum lögum.
Kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið lýst á Íslandi	krafa 2 með tilvísunarnúmeri 200910-0981 lögð fram af Seðlabanka Hollands 19. október 2009 hjá slitastjórn Landsbankans að því er varðar (og að því leyti sem hún tengist) kröfum á íslenska innstæðutryggingakerfið

Drög dagsett 8. desember 2010

Með fvrirvara um sambykki stjórnar

Kostnaðarkröfur lýst á Íslandi	krafa 2 með tilvísunarnúmeri 200910-0981 lögð fram af Seðlabanka Hollands 19. október 2009 hjá slitastjórn Landsbankans að því er varðar (og að því leyti sem hún tengist) kostnaðarkröfuna
Íslenska innstæðutryggingakerfið	íslenska innstæðutryggingakerfinu var komið á fót með lögum nr. 98/1999, hámarkstryggingarfjárhæð fyrir innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam er ákvörðuð 20.877 evrur
Kröfur á íslenska innstæðutryggingakerfið	sérhver krafa að því leyti sem hún hefur verið tekin yfir af Seðlabanka Hollands frá viðkomandi innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam þar sem, eða í tengslum við að, Seðlabanki Hollands hefur greitt innstæðueiganda Landsbankans í Amsterdam af hálfu íslenska innstæðutryggingakerfisins
Landsbanki	Landsbanki Íslands hf. og/eða Landsbanki Íslands hf., útibúið í Amsterdam eftir því í hvaða samhengi orðið er notað
Innstæðueigendur hjá Landsbankanum í Amsterdam	einstaklingar eða lögaðilar sem lögðu inn fjármuni eða á annan hátt áttu inneign hjá útibúi Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam
Landsbanki Íslands hf.	Landsbanki Íslands hf., fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð sem stofnað er samkvæmt íslenskum lögum.
Landsbanki Amsterdam	útibú Landsbanka Íslands hf. í Hollandi
Tryggingarsjóður innstæðueigenda	Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta er sjálfseignarstofnun sem er starfrækt í samræmi við íslensk lög og er samkvæmt þeim falið að reka innstæðutryggingakerfi í samræmi við ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta